

# Ársskýrsla Stígamóta árið 2002

## Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og féлага að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfbóðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvænnaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.



Stígamót, Vesturgötu 3

Af áralöngu starfi sjálfbóðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfbóðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfssemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kvennapólitískra (feminískra) kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á kvennapólitískum kenningum um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum í meira en 98% tilfella karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita kynferðisofbeldi noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að litillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem fyrir því verða. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

## Skipulag Stígamóta

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir allir markast af því. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Við ráðningu starfskvenna er meðal annars tekið mið af því hvort þær hafi sjálfar verið beittar kynferðisofbeldi. Menntun er mikilvæg, en tryggir ekki ein og sér góðan skilning á vanda þeirra sem beittar eru kynferðisofbeldi. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra, sem hingað leita.

Sérstakur framkvæmdahópur, skipaður fulltrúum frá Kvinnaráðgjöf og fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúa starfskvenna, tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum, hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Margrét Steinarsdóttir, Theodóra Þórarinsdóttir, Rúna Jónsdóttir, Díana Sigurðardóttir og Sólveig Höskuldsdóttir sem sagði af sér í byrjun árs. Tekjur Stígamóta koma frá félagsmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Á árinu gerðu Stígamót þjónustusamning v íð Reykjavíkurborg, þar sem skilgreind var sú þjónusta sem borgin kaupir af Stígamótum. Í samningnum felst m.a. fræðsla frá Stígamótum fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar.

Samkvæmt ársuppgjöri fyrir 2002 var rekstrarkostnaður Stígamóta um 23,6 milljónir.

Á árinu voru sex starfskonur í föstu starfi hjá Stígamótum. Fastir starfsmenn eru Bergrún Sigurðardóttir, Björg Gísladóttir, Díana Sigurðardóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Rúna Jónsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Stöðugildi voru 5.25%. Handleiðsla starfshóps var í höndum Auðar Gunnarsdóttur sálfræðings.

Allt starf leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum var unnið utan fasts vinnutíma. Skrifstofa Stígamóta var opin milli kl. 9 og 19 alla virka daga eins og undanfarin ár.



Starfshópurinn; í aftari röð þær Bergrún, Björg og Þórunn, í fremri röð: Dóra, Rúna og Díana.

## Starfsemi Stígamóta

### Ríkjandi gildi í starfsháttum

Kvinnapólitískar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunn gildi í starfi með þeim sem orðið hafa fyrir því, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða í hópum.

Feministísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra, séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi, en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem hingað leita séu “sérfræðingarnir” það er að segja enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem aðstoðar leita.

Þessar hugmyndir leitumst við við að endurspeglar í öllu starfi hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

## **Einstaklingsmiðuð ráðgjöf**

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð, eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem til Stígamóta leitar ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta er ekki eingöngu bundinn við þá sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess.

Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma. Að jafnaði eru mörg stuðningsviðtöl á dag alla virka daga ársins. Um það bil 2/3 hluti þeirra eru ráðgjafarsímtöl vegna nýrra og eldri mála. Fólk á landsbyggðinni notfærir sér þessa leið. Undanfarin ár hefur það færost í vöxt að konur sem stunda vændi hafa verið í símasambandi við Stígamót vegna vanlíðunar.

## **Sjálfshjálparhópar**

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum. Reynslan af sjálfshjálparstarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að sækja sér styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi sem þessu er einangrun rofin, þar veita þátttakendur hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir þar í samskiptum þátttakenda.

Í hverjum sjálfshjálparhópi eru að jafnaði 4-6 konur og tveir leiðbeinendur. Leiðbeinendur eru konur, sem sjálfar hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hafa unnið úr þeirri reynslu. Hóparnir eru lokaðir og hittast í 15 skipti með leiðbeinendum á þriggja mánaða tímabili.

Árið 2002 störfuðu 11 sjálfshjálparhópar á Stígamótum. Það voru 2 unglingshópar, 3 sífjaspellahópar, einn nauðgunarhópur, 3 blandaðir hópar þar af einn á Akureyri, einn kynlífs hópur og í fyrsta skipti í sögu Stígamóta var starfsræktur karlahópur. Að vanda var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur í sjálfshjálparhópum síðastliðið haust.

## **Börn og unglingar**

Með tilkomu Barnahússins skapaðist vettvangur þar sem safnað var á einn stað þverfaglegri þjónustu við börn sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi. Markmiðið var að vanda eins og kostur er rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála og tryggja að börn þyrftu ekki að þeytast á milli aðila og staða og margsegja sögu sína. Til Barnahússins geta barnaverndarnefndir leitað hvaðanæva af landinu. Með tilkomu nýrra laga 1. maí árið 1999 urðu þær breytingar á, að dómurum var ætlað að koma að kynferðisbrotamálum á rannsóknarstigi og þykir það auka sönnunargildi yfirheyrslna. Dómurum var um leið gert að ákveða sjálfir hvar yfirheyrslurnar færu fram og hvort þeir nýttu sér aðstoð fagfólks.

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum, nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig þau eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf, en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd; Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber, eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta. Díana Sigurðardóttir hefur staðið fyrir árangursríku hópastarfi með unglingsstúlkum og hefur starf hennar verið metið af Barnaverndarstofu og hlotið lofsverða umsögn.

## **Símaþjónusta**

Því miður er ekki til tölfræðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símaþjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Símtölin sl. ár námu þúsundum. Það má þó fullyrða að í símaviðtölum berast okkur upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þeirri vitneskju þykir okkur fylgja mikil ábyrgð.

Þess má geta að á árinu var opnaður sími sem sérstaklega er ætlaður konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Þær eiga það sameiginlegt að þær þjást af nær óbærilegri skömm og sektarkennd yfir aðstæðum sínum og margar þeirra treysta sér ekki til þess að koma í viðtöl.

## **Þjónusta við konur í kynlífsiðnaði**

Í gegnum árin hefur Stígamótakonum orðið æ ljósari tengslin á milli kynferðisofbeldis og vændis. Vændi er mjög falin starfsemi á Íslandi og margar konur og nokkrir karlar sem leitað hafa til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis hafa skýrt frá störfum í kynlífsiðnaðinum. Margt af þessu fólki á það sameiginlegt að hafa verið beitt kynferðisofbeldi í æsku, hafa síðan leiðst út í fíkniefnaneyslu og síðar fjármagnað hana með vændi. Skömm þeirra vegna þessarar iðju er mikil og flest eiga þau það sameiginlegt að þeim finnst þau hafa misst stjórn á aðstæðum sínum, þannig að þau hafi ekki haft val um hver seldi þau, hverjum, eða hvers konar kynlífsathafnir þau þurftu að taka þátt í.

Eftir að Stígamótakonur fóru að beita sér gegn klám- og vændisiðnaðinum í fjölmiðlum hefur það aukist að fólk hringi án þess að ræða um kynferðisofbeldi í æsku og fíkniefnaneyslu. Eitt af áhyggjuefnum þessa fólks er hin nýja dreifing klámmyndefnis, bæði á myndböndum og á netinu. Fólk sem veit af myndum af sér í dreifingu finnst það varla eiga sér viðreisnar von, netdreifingu er nær ógerlegt að stýra.

## **Aflið, systursamtök Stígamóta á Akureyri**

Árið 2001 hófst tilraunastarf Stígamóta á Akureyri og Bergrún Sigurðardóttir leiddi tvo sjálfshjálparhópa fyrir norðan. Árið 2002 var síðasti hópurinn starfræktur og haldnir voru fundir með konum á Akureyri. Ákváðu norðlenskar konur að stofna eigin samtök óháð Stígamótum, Stígamótakonum til mikillar gleði. Samtökin hlutu nafnið Aflið. Samtökin hafa opinn símatíma á miðvikudögum kl. 17-19 í síma 461 5959. Starfsemin mun felast í símaviðtölum og sjálfshjálparhópum. Einnig taka þær á móti tölvupósti á netfang; [aflid@akmennt.is](mailto:aflid@akmennt.is)

## **Gæðamat á störfum Stígamóta**

Magdalena Gunnarsdóttir sem er á þriðja ári í sálfræði í sænskum háskóla var hjá okkur í verknámi í þrjá mánuði en nám hennar var undir handleiðslu Auðar Gunnarsdóttur sálfræðings. Magdalena vann undir umsjá Auðar og Stígamótakvenna gæðamatskönnun ætlaða skjólstæðingum Stígamóta og voru niðurstöðurnar mjög jákvæðar. Áhugi er fyrir að gerð verði frekari könnunum á eðli og gæðum starfseminnar.

## **Kristínarsjóður**

Kristínarsjóður var stofnaður til minningar um látna Stígamótakonu sem lagði mikið af mörkum til þess að aflífa goðsögnina um "hina hamingjusömu vændiskonu". Þessi sjóður hefur staðið undir starfsemi Stígamóta gegn klámi, vændi og verslun með konur á Íslandi.

Hjálparstarf kirkjunnar styrkti okkur með 300.000 kr. framlagi og ýmis kirkjufélög héldu á árinu sálgæslunámskeið sem skilaði hagnaði og færðu þau Stígamótum 100.000 kr. Þessum aðilum eru færðar bestu þakkir, ekki bara fyrir fjárstuðninginn, heldur líka fyrir þann málefnalega stuðning sem í gjöfunum felst.

Zontaklúbburinn Embla í Reykjavík færði Stígamótum 320.000 kr. framlag í Kristínarsjóðinn. Zontahreyfingin hefur m.a. það markmið, að bæta lagalega, heilsufarslega og starfslega stöðu kvenna.

Ályktun klúbbsins er sú, að vændisíðnaðurinn á Íslandi sé gróft ofbeldi gagnvart konum og feli í sér alvarlegar afleiðingar bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélag. Í ljósi þessa tóldu Emblur að framlag í Kristínarsjóð væri verðugt framlag þeirra til vændisverkefnis Stígamóta.



Steinvör Edda Einarsdóttir, ásamt Helgu Finnsdóttur formanni og öðrum klúbbfélögum úr Emblu afhenda styrkinn.

## Fræðsla og kynning

Frá upphafi hafa meginmarkmið Stígamóta verið tvö. Annars vegar að veita stuðning og ráðgjöf þeim sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi og hins vegar að vinna kvennapólitíska samfélagsvinnu.

Megin áherslur í fræðslunni voru að gera grein fyrir starfsemi Stígamóta og þeim tölulegu upplýsingum sem í ársskýrslunni má finna. En auk þess að tala um kynferðisofbeldi í sinni víðustu merkingu var leitast við að kasta ljósi á þær hliðar ofbeldisins sem enn liggja í þagnargildi. Má þar nefna ábyrgð ofbeldismanna og samhengið á milli kláms, vændis og annarrar verslunar með konur annars vegar og kynferðisofbeldis hins vegar. Stígamót hafa leitast við að efla þá vitundarvakningu sem orðið hefur á síðustu misserum um eðli klámiðnaðarins bæði með málstofum, auglýsingum, fjölmiðlaumræðu og fl.

Fræðslan fólst í fjölbreyttum verkefnum. Fjöldi námsmanna á efri skólastigum komu í upplýsingaleit fyrir fjölbreytt verkefni, hópar fagfólks sóttu okkur heim, öðrum var boðið sérstaklega, fræðslufulltrúi hélt erindi á ráðstefnum, í skólum og hjá félagasamtökum bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. farið var í auglýsingaáttak og Stígamót áttu fulltrúa í tveimur vinnuhópum á vegum Félags- og Dómsmálaráðuneytis.

Af fyrirlestrahaldi má nefna Evrópuráðstefnu Jafningjafræðslunnar um vímuefni, þar sem verkefni Stígamóta var að tengja saman vímuefnanotkun og kynferðisofbeldi, á norræna kirkjuþinginu í Skálholti var verkefnið að segja frá hálfannleikanum um kynferðisofbeldi, samið var um það við Félagsþjónustuna að fræðslufulltrúi flytti tvö fræðsluerindi fyrir starfsfólk, Samtök vestfirskra kvenna óskuðu eftir erindi í Bolungavík og að auki voru haldin mörg erindi fyrir kvennaklúbba, Rauða krossinn og fl. Þess ber sérstaklega að geta að Bergrún Sigurðardóttir hélt erindi fyrir V-dagssamtökin í Borgarleikhúsinu í febrúar og vakti framlag hennar mikla athygli.

Séra Sigurður Grétar Sigurðsson prestur á Hvammstanga bauð okkur Stígamótakonum að koma norður til þess að halda opinn fræðslufundur um kynferðisofbeldi. Við þáðum boðið og ákváðum að leita markvisst uppi það fólk sem við vildum hitta. Haldnir voru fundir þann 21. nóvember í unglingskólanum á Laugarbakka, lokaður fundur með fulltrúum heilsugæslu, skóla, leikskóla, félagsþjónustu, kirkju, og unglingsstarfs og að lokum var haldinn opinn fræðslufundur í kirkjunni á Hvammstanga.

Að auki voru Stígamótakonur virkar í fjölmiðlaumræðunni og gerðu m.a. alvarlegar athugasemdir við niðurstöður nefndar um klám og vændi sem skilaði álitum sl. sumar. Fjölmiðlar eru gífurlega mikilvægir samstarfsaðilar Stígamóta og er ástæða til þess að hrósa fjölmiðlafólki fyrir æ málefnalegri umræðu og aukinn skilning á kynferðisofbeldi. Nær alls staðar hefur okkur verið boðin öll sú aðkoma sem við viljum til þess að koma málefnum okkar á framfæri.

## Uppfærsla heimasíðunnar

Á árinu bauðst hugbúnaðarfyrirtækið Vefsýn hf. <http://www.vefsyn.is> til þess að endurgera heimasíðu Stígamóta sem ekki hafði verið haldið við lengi. Vefsýn gaf okkur vefviðhaldskerfið SoloWeb sem er þróað frá upphafi af þeim Vefsýnarmönnum. Kerfið gerir okkur mögulegt að vera algjörlega sjálfstæðar í vefmálum og uppfæra allt efni á vef okkar án þess að þurfa til þess nokkra forritunarþekkingu, þannig að loksins ættum við að geta haldið henni við sjálfar á einfaldan hátt og auglýst netfang okkar. Einnig gáfu þeir okkur smá útlitsupplýftingu á vef okkar og veittu okkur mikilvæga ráðgjöf. Um er að ræða mikinn rausnarskap sem við erum ákaflega þakklátar fyrir.

## Útíhátíðanefnd

Eftir verslunarmannahelgina 2001 þegar 21 kynferðisbrot voru tilkynnt var þjóðinni nóg boðið og dómsmálaráðherra setti á laggirnar nefnd til þess að gera tillögur um bætt öryggi og aðbúnað á útíhátíðum. Rúna Jónsdóttir sat í nefndinni fyrir hönd Stígamóta.

Nefndin skilaði af sér skýrslu í byrjun júlí sem var kynnt fjölmiðlum og sýslumönnum sem báru ábyrgð á útíhátíðum sumarsins. Ýmsar tillögur voru lagðar fram sem eru til þess fallnar að bæta öryggið. Helstu tillögur eru:

- Tryggt sé að mótshaldarar og aðilar frá heilbrigðisstofnun, björgunaraðilum og lögreglu og aðrir skipuleggjendur hittist á undirbúningstímanum og samþætti vinnubrögð sín á samráðfundum.
- Áætlun um hámarksfjölda mótsgesta skal geta við skipulagningu útíhátíðar og skal ekki leyft aðgengi umframgesta nema tryggt sé, að hægt verði að uppfylla allar umfram öryggis- og heilbrigðiskröfur.
- Mótshaldari tryggi í samráði við öryggis- og heilbrigðisaðila að viðbúnaður verði nægilegur vegna slysa og óhappa. Skal miða búnað og mannafla við, að hægt sé að sinna jafnt smáslysum allt til alvarlegri slysa þar sem hægt er að beita lífsbjargandi aðgerðum.
- Samvinna við nærliggjandi sjúkrahús og heilsugæslu sé tryggð og neyðaraðstoð ef mótssvæði er utan bæjarfélaga.
- Tryggð sé þjónusta fyrir þolendur kynferðisbrota á mótssvæði.

Stígamót og Neyðarmóttakan stóðu að séráliti varðandi aldursmörk og vildum við að aðgengi á útíhátíðir yrði miðað við lögræðisaldur sem er 18 ár.

## Heimsóknir og uppákomur hjá Stígamótum



Fulltrúar DIXI-hópanna frá Osló og Stavanger á tröppunum á Stígamótum

Til Stígamóta komu neman af öllum skólastigum, ýmist einir, í litlum hópum eða heilum bekkjum. Anna María Hjálmarsdóttir var einnig í starfsnámi hjá Stígamótum í eina viku, en hún er ein af þeim Akureyringum sem stendur að Afliun systursamtökum Stígamóta.

Fagfólk úr ýmsum stéttum leitaði til Stígamóta. Fyrst ber að nefna árlega heimsókn guðfræðikandidata, félagsráðgjafa úr öllum hverfum borgarinnar að kynna sér vændisverkefni Stígamóta, lögregluteymi o.fl.

Erlenda gesti bar líka að garði og má þar nefna umboðsmann jafnréttismála í Lettlandi, hóp uppeldisfræðinema frá Kaupmannahöfn sem vildu kynna sér vændisverkefni Stígamóta og DIXI –

hópana í Noregi sem lögðu í námsferð til Íslands, sérstaklega til þess að kynna sér starf Stígamóta. DIXI er latína og þýðir “Ég hef talað”. DIXI hóparnir voru stofnaðir í Noregi fyrir 20 árum af Grete Kvalheim sem skrifaði bókina “Að lifa eftir ofbeldið – Það byrjaði með nauðgun”. DIXI hóparnir hafa

nú eignast tvær ráðgjafarmiðstöðvar í Osló og í Stavanger. Konurnar reka þjónustu mjög svipaða þeirri sem við bjóðum uppá hjá Stígamótum. Þær reka sjálfshjálparhópa og bjóða upp á einkaviðtöl og þær sinna fræðslu og kynningu.

Munurinn er hins vegar sá að þær hafa allar orðið fyrir ofbeldi sjálfar og öll þeirra vinna er sjálfboðavinna.

Auk þessa fólks buðum við sérstaklega til okkar þeim Dorit Otzen og Gunilla Ekberg.

En Stígamótakonur brugðu líka undir sig betri fætinum og heimsóttu nokkra samstarfsaðila eins og Barnahúsið, Geðhjálp, Barnaheill, Jafnréttisstofu og félagsmálaráð Reykjavíkur.



Frá vinnustaðafundi f. Borgarstjórnarkosningar, þau Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Edda Jónsdóttir, Margrét Sverrisdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson



Bókarhöfundar og ritstýrur hjá Stígamótum

Stígamót héldu vinnustaðafund fyrir kosningar sl. vor og mættu hér fulltrúar framboðanna þriggja og gerðu grein fyrir stefnu sinni í málefnum kynjanna. Fjöldi vinkvenna Stígamóta komu til fundarins.

Að venju var boðið uppá upplestur úr jólabókum á aðventunni og voru fimm nýjar bækur kynntar. Þær Íris Aníta, Margrét Jónsdóttir, Sóley Tómasdóttir, Anna Valdimarsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Vigdís Grímsdóttir og Harpa Njáls lásu úr verkum sínum.

## Eftirmiðdagskaffi fyrir þingmenn

Boðið var til hins árlega eftirmiðdagskaffis fyrir fulltrúa þingflokka í október og mættu þær Sigríður Ingvarsdóttir fyrir Sjálfstæðisflokkinn, Jónína Bjartmarz fyrir Framsókn, Þórunn Sveinbjarnardóttir fyrir Samfylkinguna og Kolbrún Halldórsdóttir fyrir Vinstri-Græna. Þingkonunum var kynnt starfsemi Stígamóta en jafnframt afhentur meðfylgjandi óskalisti um þingmál sem að gagni mættu koma í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Fjölludu flestar tillögurnar um verslun með konur, en aðrar mikilvægar uppástungur fylgdu með. Hér fylgir með óskalistinn ásamt formála.

### Óskalisti Stígamóta yfir þingmál gegn kynferðisofbeldi:

#### Verslun með konur

Í dag er sagt að blómstrandi klám- og vændisíðnaður á Íslandi hafi hellst yfir okkur á örskömmum tíma, öllum að óvörum. Sem betur fer hefur þögnin verið rofin og viðhorfin til þessarar starfsemi hafa breyst í takt við aukna vitneskju um umfang og eðli hennar. Stórir áfangasigrar náðust með stöðvun einkadansins í Reykjavík og á Akureyri.

Það er ekki nóg að búa á strjálbýlli eyju langt frá öðrum löndum til þess að losna við þennan ósóma. Alþjóðlega skipulögð glæpastarfsemi virðir engin landamæri og engir glæpir eru taldir ábatasamari og engum glæpum fylgir minni áhætta en þessum. Alþjóðasérfræðingar frá Europol og Interpol minna okkur á að ef við ekki horfumst í augu við þessa glæpi muni það geta komið illa niður á okkur síðar. Mafiur eru snöggar að hreiðra um sig þar sem færi gefast, þær geta líka komið sér fyrir á Landinu Bláa ef við höldum ekki vöku okkar.



Frá Stop-Trafficking ráðstefnunni í Brussel

Nýafstaðin ráðstefna Evrópusambandsins og Alþjóðaflóttamannahjálparinnar í Brussel í september sl. var sú stærsta og umfangsmesta sem haldin hefur verið um þessi mál eftir að Anita Gradin setti verslun með konur á dagskrá Evrópusambandsins fyrir nokkrum árum. Stígamót átta fulltrúa á ráðstefnunni og þar fékkst góð yfirsýn yfir hvernig halda má á þessum málum og einnig hvernig ekki ætti að gera það. Stígamótum hefur einnig verið boðin þátttaka í öðrum ráðstefnum og fundum um verslun með konur.

Stígamót eru í góðum tengslum við þau norrænu kvennasamtök sem á einhvern hátt tengjast störfum í klámiðnaðinum og stóðu í sumar að stofnun Nordnett- samtakanna, samtaka sem líta á klám og

vændi sem eina birtingarmynd kynferðisofbeldis og bregðast við því sem slíku. Við sendum líka starfskonur í námsferð til Danmerkur í vor til starfa í Hreiðrinu - athvarfi fyrir konur í götuvændi og í leiðinni kynntu þær sér skipulega öll þau tilboð sem Danir hafa uppá að bjóða fyrir konur í vændi.

Að auki má nefna að Stígamót eiga fulltrúa í starfshópi ráðuneyta félags- og dómsmála um verslun með konur.

Síðast en ekki síst hafa okkur borist upplýsingar um ýmis konar ólöglega starfsemi hér á landi eftir að við höfum virka þátttöku í fjölmiðlaumræðu um þessi mál. Þær upplýsingar leggja okkur ábyrgð á herðar, ábyrgð sem erfitt er að fara með, þar sem við getum nær aldrei gefið upp heimildafólk okkar.

Allt þetta hefur orðið til þess að við höfum sett saman lista yfir þingmál sem við erum vissar um að myndi gera baráttuna við klámiðnaðinn auðveldari.

1. Lög sem ná yfir verslun með konur - krefst þess að Íslendingar hafi gert sér grein fyrir því að hún fer fram á Íslandi. Slík lög voru sett í Svíþjóð í vor og fylgja með í upplýsingapakkanum. En þess má geta að síðan óskalistinn var settur fram hefur dómsmálaráðherra lagt fram frumvarp sem skilgreinir verslun með konur.
2. Án kaupenda, engin verslun. Ábyrgðin verði sett þar sem hún á heima, hjá kaupendum. Slík lög hafa Svíar sett og Mette Frederiksen í Danmörku hefur tekið upp baráttuna þar í landi innan sosialdemokrataflokksins. Slíkt frumvarp hefur Kolbrún Halldórsdóttir flutt þrisvar á þingi - enn án árangurs.
3. Hin svonefnda Palermosamþykkt verði fullgild á Íslandi, eins og dómsmálaráðherra hefur boðað. En samþykktin er viðbót við alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlega skipulagðri glæpastarfsemi sem fjallar um verslun með fólk. Ísland hefur undirritað samninginn, en hann öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur verið fullgiltur.
4. Innleidd verði svokölluð fórnarlambavernd (victim-protection) til þess að konur eigi möguleika á því að komast úr klóm þeirra sem gera þær út. Slík vernd hefur verið lögleidd á Ítalíu
5. Vitnavernd er líka nauðsynleg og væntanlega verður slík vernd innleidd í ríkjum Evrópusambandsins fljótlega.
6. Tillögum nefndar um klám og vændi verði að því leiti fylgt eftir að einkadans verði bannaður með lögum alls staðar á landinu, ekki bara með lögreglusamþykktum í Reykjavík og á Akureyri.
7. Konur sem stunda vændi á Íslandi eru enn sekar fyrir íslenskum lögum. Þessu hefur verið breytt alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum. Slík lög eru smánarblettur sem endurspeglar úrelt viðhorf til vændis sem við getum ekki verið þekkt fyrir.
8. Koma þarf á teymi lögreglumanna til þess að kljást við þessi mál. Við þekkjum til kennsluhóps sem ferðast á milli landa undir stjórn professor Liz Kelly og Paul Holmes alþjóðasérfræðings sem starfað hefur fyrir Europol og Alþjóða flóttamannahjálpinu. Þau halda þverfagleg námskeið fyrir lögreglu, embættismenn, félagsþjónustu, frjáls félagasamt. og fl. Við stingum upp á að bjóða þeim til Íslands.



9. Tillögur liggja fyrir um að gefa klám frjálst á Íslandi og rökin eru m.a. þau að það hafi ekki verið sýnt framá að það sé skaðlegt. Þær dr. Diana E.H.Russel, Andrea Dworkin og Alexa Wolf eru nokkrar af þeim sem sýnt hafa fram á skaðsemi kláms og þeirra bækur og heimildarmynd eigum við fyrir áhugasama. Einnig bendum við á úttekt Kvinnefronten í Noregi á því klámi sem kaupa má í kjörbúðum þarlendis. Sama klámefni fæst hér á bensínstöðvum og í kjörbúðum, en það er reynsla Stígamótakvanna að klám sé oft lítið annað en myndað vændi og valdi konum jafnvel enn meiri skaða en það vændi sem fer fram fyrir luktum tjöldum.
10. **Annað kynferðisofbeldi** Heimilt verði að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum Við höfum sl. tvö ár bent á þörfina fyrir heimild til þess að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum sínum. Slík lög voru fyrst samþykkt í Austurríki og hafa reynst haldgóð í baráttunni við ofbeldi á heimilum. Nú hefur Thomas Bodström dómsmálaráðherra Svíþjóðar boðað að hann muni lögleiða sams konar heimild í Svíþjóð og sams konar lög voru samþykkt í Noregi á árinu. Okkar dómsmálaráðherra hefur nefnt það í fjölmiðlum að slíka lagasetningu þurfi að ræða á Íslandi og við hvetjum eindregið til þess. Auðvelt væri að flytja þingsályktunartillögu um að slík lög verði undirbúin í Dómsmálaráðuneytinu.
11. **Endurskoðun kynferðisbrotakafla hegningarlagna.** Þegar við Íslendingar berum okkur saman við aðrar norrænar þjóðir er ljóst að kynferðisbrotakafla hegningarlagna þarf að stórbæta. "Kvinnofrid" - lögin í Svíþjóð ná utan um kynferðisofbeldi sem íslensk lög ná ekki til, eins og langvarandi ofbeldi karla á þeim konum sem þeir búa með. Í Noregi er starfandi svokallað "kvinnevoldsutvalg" sem endurskoðar aðgerðir gegn kynferðisofbeldi í sinni víðustu mynd. Í þessum löndum hefur breiður hópur sérfræðinga unnið vinnuna og fulltrúar kvennahreyfinganna hafa í nefndunum komið til skila reynslu og þekkingu sem hefur leitt til lagasetninga í takt við þann raunveruleika sem birtist í kvennaathvörfunum og ráðgjafarmiðstöðvunum gegn sífjaspellum. Við Stígamótakonur mælumst eindregið til að Íslendingar sýni sama metnað og nágrannar okkar og að endurskoðun verði hafin hið fyrsta með beinni aðkomu þeirra sem best þekkja til.
12. **Fyrningarfrestur í kynferðisbrotamálum miðist við 18 ára aldur í stað 14 ára.** Á meðan nýr og metnaðarfullur kynferðisbrotakafli er í vinnslu má með einföldum og skjótum hætti bæta ýmislegt. Nefna má að fyrningarfrestur í kynferðisbrotamálum gegn börnum hefist við 14 ára aldur. Slík aldursmörk eru óeðlileg og ekki í samræmi við þær kröfur sem við gerum almennt til barna og unglinga um ábyrgð á sjálfum sér. Það var Jóhanna Sigurðardóttir sem flutti frumvarp um þetta mál fyrir nokkrum árum og niðurstaðan varð málamiðlunin 14 ár. Við höfum nokkur alvarleg dæmi um það að mál sem ella hefðu verið kærð hafi verið firnd. Það er því að okkar mati nauðsynlegt að lagafæra þetta ákvæði þannig að fyrningarklukkan byrji ekki að tikka fyrir en við 18 ára aldurinn.

## Vændisverkefnið

Stígamótakonur höfðu strengt þess heit að læra meira var um vændi, klám og verzlun með konur á árinu. Dorit Otzen forseti International Abolitionist Federation og stjórnandi Hreiðursins – athvars fyrir vændiskonur í Danmörku, var boðið til okkar og hélt hún lokað námskeið með starfskonum, auk þess sem haldinn var blaðamannafundur og málstofa í Norræna húsinu þann 9. mars.

Að auki fóru þær Dána Sigurðardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir í tíu daga læri til Dorit í Danmörku og kynntu sér öll þau tilboð sem danir hafa uppá að bjóða til þess að auðvelda konum í vændi leiðina út.



Dorit Otzen

Þann 8. mars birtu Stígamót líka heilsíðuauglýsingu í öllum dagblöðum um eðli vændisíðnaðarins eins og sjá má á forsíðu. Vakti auglýsingin gríðarlega athygli og fjölmiðlaumræðu og varð m.a. umfjöllunarefni leiðara Morgunblaðsins. Veggsþjaldið vakti líka athygli erlendis og var það notað á bókarkápu hjá kvennafræðismiðstöð í Búlgaríu.



Gunilla Ekberg

Vetrarstarfið var opnað með heimsókn annars góðs sérfræðings á sviði verslunar með konur. Það var Gunilla Ekberg lögfræðingur sem leiðir samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna gegn verslun með konur. Gunilla var aðalfyrirlesari á málstofu sem Stígamót stóðu að í Norræna húsinu en þar töluðu líka fulltrúar Stígamóta, Bryndís Björk frá Rannsóknnum og greiningu, fulltrúar Dómsmála- og Félagsmálaráðuneyta o.fl. Stígamót áttu fulltrúa í vinnuhópi ráðuneyta dóms- og félagsmála sem fjallaði um verslun með konur og flutti kynningafulltrúi mörg erindi um málaflokkinn hjá kvennaklúbbum Zonta, Soroptimistum, kvenfélögum, félagsráðgjöfum og öðrum áhugasömum.

Starfskonur Stígamóta tóku fyrstu skrefin til þess að koma á laggirnar virkum leitarhópi með það að markmiði að ná tengslum við konur í kynlífsiðnaði. Einnig var Stígamótum boðin þátttaka í fjölda erlendra ráðstefna sem haldnar voru um þessi mál og er skýrt frá þeim annars staðar.

## Alþjóðastarf Stígamóta

Kvennahreyfingin hefur ekki farið varhluta af áhrifum hnattvæðingar, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Það er ómetanlegt fyrir starfsemi Stígamóta að upplýsingaflæði sé sem best við umheiminn og buðust okkur mörg tækifæri til þess. En alþjóðavæðing hefur líka skuggahliðar sem eru ástæða þess að konur þjappa sér saman og vinna þvert á landamæri. Fjöldi boða barst um þátttöku í fundum, ráðstefnum og Evrópuverkefnum og fer hér á eftir greinargerð um þátttökuna.

Starfskonurnar Díana Sigurðardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir fóru í tíu daga námsferð til Danmerkur í starfsnám um vændisíðnaðinn undir leiðsögn Dorit Otzen hjá Hreiðrinu.

Jóhanna Ólafsdóttir fór til Torino á Ítalíu dagana 3.-10. maí, þar sem hún tók þátt í námskeiði undir yfirskriftinni: “Feminismi, kvenréttindi og tengslin við ungar konur úr minnihlutahópum”. Námskeiðið var skipulagt af samtökum ungra kvenna úr minnihlutahópum og fjármagnað af ungmennasjóði Evrópuráðsins.

Björg Gísladóttir var í Grikklandi 14.-16. júní á fundi vegna Evrópuverkefnis um vændi sem Stígamót eru aðilar að. Verkefnið ber nafnið ”Nauðgun – týnda málefnið”.

Theodóra Þórarinsdóttir fór til Helsinkí í Finnlandi í lok maí á fund með norrænu fólki sem vinnur með vændiskonum og gegn vændi. Ísland hefur hingað til ekki átt fulltrúa í þessum hópi og því væntum við mikils af því að komast í kynni við aðra hópa sem vinna hliðstæða vinnu og við sjálfar.



Margareta Winberg jafnréttis- og aðstoðarforsætisráðherra Svíþjóðar

Dagana 14.-16. júní fór Rúna til Stokkhólms í boði sænskra stjórnvalda og “The European Women’s lobby” á fund með norrænum kvennasamtökum til þess að fjalla um leiðir til þess að stöðva klám og vændisvæðinguna. Þessa daga tóku konur sig til og mynduðu Nordnett – tengslanet norrænna kvennahópa sem líta á klámiðnaðinn í sinni víðustu mynd sem ofbeldi gegn konum og bregðast við honum samkvæmt því.

Það verður að segjast að öll löggjöf Svía varðandi kynferðisofbeldi endurspeglar mun meiri skilning og tekur mun meira tillit til reynslu kvennahreyfingarinnar en löggjöf annarra landa.

Dagana 5.-8. september fóru Rúna og Bergrún til Stokkhólms á 9. ráðstefnu ”Nordiske kvinner mot vold” á ráðstefnuna fóru líka þrjár starfskonur Kvænnaathvarfsins.

Rúnu Jónsdóttur var boðið að taka þátt í Stop Trafficking ráðstefnunni á vegum Evrópusambandsins og AlþjóðafloTTamannahjálparinnar dagana 17.-22. sept. í Brussel. Um var að ræða stærstu ráðstefnu sem haldin hefur verið um verslun með konur og fékkst þar góð yfirsýn yfir ólík viðhorf og leiðir í baráttunni við verslun með konur.

Rúna Jónsdóttir var fulltrúi Stígamóta í vinnuhópi félagsmálaráðuneytisins sem tók þátt í samstarfi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna gegn verslun með konur. Í tengslum við verkefnið voru haldnar þrjár ráðstefnur í Eystrasaltsríkjunum á árinu. Rúna fór til Vínús í Litháen 19.-23.10 og stýrði vinnuhópi um “bestu fordæmin”.

## **Erlendir styrkir**

Alþjóðastarf Stígamóta hefur skilað mikilvægri samvinnu við önnur kvennasamtök og á árinu var sótt um nokkra styrki til ýmissa verkefna. Tvö verkefni voru samþykkt. Annars vegar svokallað Daphne-verkefni sem ætlað er að skoða stöðu erlendra kvænna sem giftast innlendum mönnum, en sæta slæmri meðferð og hins vegar eru Stígamót í stjórn Evrópuverkefnis sem níu lönd taka þátt í og miðast að stofnun Evrópusamtaka þeirra kvennasamtaka sem líta á klám og vændisiðnaðinn sem kynferðisofbeldi og bregðast við honum sem slíkum. Verkefnin verða unnin á árinu 2003.

## **Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum**

Stígamót eru meðlimir í fjórum norrænum og alþjóðlegum kvennasamtökum. Þau eru;

- Norrænar konur gegn ofbeldi, sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvænnaathvarfa og nú einnig ráðgjafarstöðva vegna kynferðisofbeldis,
- WAVE – women against violence in Europe, <http://www.wave-network.org>
- International Abolitionist Federation, sem eru elstu starfandi samtök gegn vændi í heiminum <http://www.reden.dk> og
- Coalition Against Trafficking in Women, sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar. [catw-l@list.web.net](mailto:catw-l@list.web.net)

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að kynna þær skilgreiningar á sifjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

*Sifjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

*Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 2002 leituðu 440 einstaklingar til Stígamóta og af þeim voru 255 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Það er um 13.3 % aukning frá sl. ári. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2002 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 255 einstaklinga.

Á þeim 13 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2002 hafa 3505 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að 5141 ofbeldismenn hafa beitt þessa þolendur kynferðisofbeldi.


Íslenskar konur eru um 144.000 og til Stígamóta hafa undanfárin 13 ár leitað 3371konur sem eru 2.34 íslenskra kvenna.

Það er athygli vert hversu miklu fleiri ofbeldismennirnir eru en þeir sem beittir eru ofbeldi og sérstakt áhyggjuefni að sl. ár fjölgaði ofbeldismönnum um 31.3% á sama tíma og fjöldi skjólstaðinga jókst um 13.3%. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2002 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á ellefu síðustu starfsárum, en þann tíma hefur farið fram samræmd skráning tölulegra upplýsinga.

### Tafla 1a) Skipting einstaklinganna eftir kyni

	Fjöldi	Hlutf.
Konur	231	90,6%
Karlar	24	9,4%
	<b>255</b>	<b>100%</b>



Tafla 1a sýnir að Stígamót ná væntanlega betur til kvenna en karla. Þó fjölgaði körlum um tæp 2%.

Vandaðar erlendar rannsóknir á tíðni sifjaspella benda til að um 10-20% stúlkna hafi orðið fyrir sifjaspellum fyrir 18 ára aldur og að einn drengur á móti hverjum fjórum stúlkum verði fyrir sifjaspellum (Russell 1986). Samkvæmt þessum tölum ættu þeir því að vera um 25% þeirra sem til okkar leita vegna sifjaspella, en eru 12.9% af þeim hópi (19 af 147).

## Tafla 1b) Fjöldi viðtala árið 2002

Fjöldi einstaklinga 440	Þar af ný mál 255	Heildarfjöldi viðtala 1715
----------------------------	----------------------	-------------------------------


Fjöldi þeirra sem leitað hafa árlega til Stígamóta minnkaði frá árinu 1994 og fram til 1998. Það hefur þótt eðlilegt í ljósi þess að fram til þess að Stígamót urðu til, fundust fá úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Þörfin fyrir stuðning var því væntanlega uppsöfnuð. Í fyrsta skipti árið 1999 var um fjölgun að ræða úr 178 nýjum málum í 213 ný mál. Þessi aukna aðsókn hefur haldið áfram og fjölgun nýrra einstaklinga frá sl. ári er um 13.3%. Fjöldi viðtala fækkaði hins vegar um 1.1%.

Í ljósi þess að nú er bæði hægt að fá góða faglega hjálp vegna kynferðisofbeldis í Barnahúsinu og hjá Neyðarmóttöku vegna nauðgana, er það áhyggjuefni að sl. fjögur ár hefur staumur fólks til Stígamóta aukist mikið. Enn alvarlegra er að fjöldi ofbeldismanna hefur aukist meira en fjöldi þeirra sem fyrir ofbeldinu verður.

Merkja má að sl. fjögur ár hefur verið lögð sérstök áhersla á fræðslu og kynningu og Stígamót hafa verið sýnileg í fjölmiðlum. Ákveðið samhengi gæti verið á milli kynningar í fjölmiðlum annars vegar og aðsóknar hins vegar.

## Tafla 1c) Fjöldi fyrstu viðtala eftir mánuðum árið 2002

Fjöldi nýrra einstaklinga skiptist þannig eftir mánuðum:



Það er einkennandi fyrir starf Stígamóta að aðsókn er breytileg á milli mánaða og óútreiknanlegt hvenær topparnir koma. Að meðaltali voru 21 ný viðtöl á mánuði.

**Tafla 2 a) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2002**


	Fjöldi	Hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	147	49,2%
Nauðganir og afleiðingar þeirra	115	38,5%
Grunur um sifjaspell	8	2,7%
Kynferðisleg áreitni	18	6,0%
Klám	5	1,7%
Vændi	6	2,0%
Annað	0	0,0%
	<b>299</b>	<b>100%</b>

Þeir einstaklingar sem til okkar leita, koma gjarnan af fleiri en einni ástæðu. Þess vegna eru ástæðurnar fleiri en einstaklingarnir. Þar sem um grunur um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber mörg einkenni þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist


ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum, en getur ekki munað hvað gerðist. Þegar tölurnar eru bornar saman við sl. ár er ljóst að mest fjölgun er vegna nauðgana eða um 40%.

Konur hafa komið hingað vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum án þess að þær vissu og þeim síðan dreift eða að konunum er hótáð að þeim verði dreift og hótunin síðan notuð sem stjórnþæki á konurnar.

Tölur um vændi eru villandi. Nokkur fjöldi kvenna var í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis. Þess ber að geta að tölulegar upplýsingar um símaviðtöl eru því miður ekki í ársskýrslunni. Einnig er vændi ákaflega falið og oft koma upplýsingar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í nokkrum tilfellum. Það þriðja sem taka þarf fram er að nokkrir einstaklingar eru búnir að vera í sambandi við Stígamót í nokkur ár vegna vanlíðunar út af vændi. Þeir koma heldur ekki fram í ársskýrslunni. Þar sem heildarmyndina vantar, er ekki vogandi að giska á fjölda þeirra sem leitað hafa stuðnings vegna vændis.




**Tafla 2 b) Samanburður milli ára**



Af töflunni má sjá að viðfangsefnum Stígamóta hefur fjölgað, klám og vændi eru að verða sýnilegri form kynferðisofbeldis og þó eru tölur okkar of lágar vegna símaviðtala sem eru óskráð.

**Tafla 3) Hverjir leituðu til Stígamóta í fyrsta viðtal árið 2002?**

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	241	94,5%
Foreldrar polanda	4	1,6%
Móðir polanda	3	1,2%
Vinir	1	0,4%
Systkini	0	0,0%
Maki	2	0,8%
Annar	4	1,6%
<b>Samtals</b>	<b>255</b>	<b>100%</b>



Í ársskýrslunni eru ekki teknar saman tölur um það fólk sem sótti sér fræðslu í einu eða öðru formi hjá Stígamótum. Mökum er velkomið að fá viðtöl hjá Stígamótum en koma aðeins fram í þessum tölum þegar sú sem beitt var kynferðisofbeldi leitaði ekki hjálpar.

**Tafla 4 a/b) Aldur þolenda þegar ofbeldið var framið og aldur þegar aðstoðar var leitað árið 2002**

Tafla 4a sýnir aldur þolenda þegar leitað er til Stígamóta, en í töflu 4b kemur fram aldur þeirra þegar ofbeldið hófst. Flestir eru á aldrinum 16 ára til 49 ára eða 88,3 % þegar leitað er aðstoðar. Ofbeldið er hins vegar framið í 62,3 % tilfella þegar viðkomandi voru innan við 16 ára aldur.

**4a)**


	Fjöldi	Leitað
0-4 ára	0	0,0%
5-10 ára	3	1,2%
11-15 ára	10	3,9%
16-18 ára	30	11,8%
19-29 ára	114	44,7%
30-39 ára	50	19,6%
40-49 ára	31	12,2%
50-59 ára	15	5,9%
60 ára og eldri	2	0,8%
Óvíst	0	0,0%
	<b>255</b>	<b>100%</b>

**4b)**

	Fjöldi	Framið
0-4 ára	8	3,1%
5-10 ára	111	43,5%
11-15 ára	40	15,7%
16-18 ára	37	14,5%
19-29 ára	42	16,5%
30-39 ára	6	2,4%
40-49 ára	3	1,2%
50-59 ára	3	1,2%
60 ára og eldri	1	0,4%
Óvíst	4	1,6%
	<b>255</b>	<b>100%</b>

**Tafla 4 c) Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað er aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið er fram**

Súluritíð 4c sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað er til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 2002. Tekið skal fram að 43 einstaklingar eru yngri en 18 ára. Í þeim tilfellum eru málin alltaf þekkt af barnaverndaryfirvöldum.




Samantektin leiðir einnig í ljós að þrátt fyrir tilvist Stígamóta í þrettán ár og tilkomu bæði Barnahúss og Neyðarmóttöku vegna nauðgana, er fólk enn að leita sér aðstoðar vegna kynferðisofbeldis sem átti sér stað fyrir 10-30 árum. Þessi staðreynd sýnir vel hversu mörgum reynist erfitt að ræða ofbeldið og gera það ógjarnan fyrr en afleiðingar þess eru orðnar afar þungbærar.




## Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga

Tafla 5) Uppeldisaðstæður



Flestir þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2002 eða 72,9 % ólust upp hjá kynforeldrum.

Tafla 6) Hjúskaparstaða





**Tafla 7) Fjöldi barna**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Barnlaus	146	57,3%
Eitt barn	36	14,1%
Tvö börn	23	9,0%
Þrjú börn	39	15,3%
Fjögur börn	10	3,9%
Fimm börn	0	0,0%
Óvíst	1	0,4%
	<b>255</b>	<b>100%</b>

Töflur 6 og 7 sýna hjúskaparstöðu þegar leitað er aðstoðar og fjölda barna. Í töflunni kemur fram að rúmlega helmingur einstaklinga eru barnlausir. Í því sambandi verður að hafa í huga að 43 þeirra sem leita aðstoðar eru 18 ára og yngri (sbr. tafla 4a)


**Tafla 8 a/b) Menntun og atvinna**



Töflurnar og súluritín hér að framan bera með sér að bæði starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2002 sýna að 36.5 % eru við nám og 19.6 % hafa hætt skólagöngu eftir skyldunám, um 68.6% fer í framhaldsnám og 3.9% luku ekki skyldunámi.

Eins og töflurnar sýna eru þeir sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi úr öllum starfsstéttum og menntun þeirra er mismunandi.


**Tafla 9) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað**



Tölurnar í töflunni miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir urðu fyrir ofbeldi. Á undanförunum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í um helmingi tilvika.

Það sem í töflunni er flokkað úti á landi er bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi er sem sagt hvorki bundið við þéttbýli né dreifbýli, það á sér ekki landfræðileg mörk.

**Tafla 10 a) Búseta þolenda þegar leitað var til Stígamóta árið 2002**



Þó rúmlega 20% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta búi utan höfuðborgarsvæðisins, er það fyrst og fremst fólk á höfuðborgarsvæðinu sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna.

**Tafla 10 b) Búseta; samanburður milli ára**

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi	2002
Reykjavík	54,4%	66,0%	58,4%	62,9%	62,0%	60,3%	67,3%	59,6%	49,5%	47,6%	142	55,7%
Kópavogur	9,9%	3,2%	3,2%	7,8%	4,7%	7,0%	3,4%	5,6%	9,8%	8,9%	23	9,0%
Hafnarfjörður	8,4%	6,8%	8,7%	5,3%	5,1%	4,7%	6,7%	7,5%	9,3%	8,0%	17	6,7%
Seltjarnarnes	0,4%	0,3%	0,9%	1,1%	0,0%	0,0%	0,6%	3,8%	2,8%	1,3%	4	1,6%
Garðabæ	2,0%	1,9%	2,0%	0,0%	0,8%	1,9%	0,6%	1,9%	3,7%	0,9%	7	2,7%
Mosfellsbæ	0,7%	2,9%	1,7%	2,1%	0,8%	1,4%	0,0%	3,3%	2,3%	4,0%	5	2,0%
Úti á landi	23,1%	17,8%	25,1%	18,7%	25,4%	22,8%	18,0%	17,4%	21,5%	24,9%	52	20,4%
Erlendis	1,1%	1,1%	0,0%	2,1%	1,2%	1,9%	3,4%	0,9%	0,9%	4,4%	5	2,0%
<b>Fjöldi</b>	<b>454</b>	<b>309</b>	<b>346</b>	<b>283</b>	<b>256</b>	<b>215</b>	<b>178</b>	<b>213</b>	<b>214</b>	<b>225</b>	<b>255</b>	


Súlurit 10a sýnir búsetu þolenda þegar þeir leita til Stígamóta árið 2002. Við höfum orðið áþreifanlega varar við það í starfinu hversu miklum erfiðleikum það er bundið fyrir fólk sem býr úti á landi að leita sér aðstoðar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis. Þrátt fyrir það búa rúm 20 % þeirra sem leita aðstoðar utan Stór-Reykjavíkarsvæðisins. Ótrúlega margir láta fjarlægðina frá höfuðborginni ekki aftra sér. Íbúar landsbyggðarinnar notast einnig við símann til þess að leita sér stuðnings og aðstoðar. Eins og annars staðar er getið var gerð tilraun með starfsemi Stígamót á Akureyri. Þar var þriðji sjálfshjálparhópur Stígamóta starfræktur á árinu og stofnuð voru systursamtök Stígamóta á Akureyri og hlaut nafnið AFLÍÐ. Í töflu 10b er gerð grein fyrir búsetu þolenda árin 1992 til 2002.

## Um ofbeldisverkin

**Tafla 11) Líkamlegt ofbeldi í bernsku**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	38	14,9%
Nei	200	78,4%
Ekki vitað	17	6,7%
	<b>255</b>	<b>100%</b>


Eins og sjá má á töflu 11 höfðu 38 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2002 eða tæp 15 % búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku.



**Tafla 12) Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	35	16,1%
Nei	175	80,6%
Ekki vitað	7	3,2%
	<b>217</b>	<b>100%</b>


Í töflu 12 kemur fram að um 16.1 % þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2002 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Athugið að heildarfjöldi í töflunni er 217, en það er sá fjöldi kvenna sem hefur verið í sambúð eða hjúskap.



Frá árinu 1992 sýna tölur okkar að á milli 10 % og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.

**Tafla 13) Hve lengi stóðu sífjaspellin?**

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Fjöldi
Eitt skipti	14,3%	21,4%	13,1%	19,5%	16,4%	12,4%	13,2%	2,7%	0,0%	13,3%	18,1%	27
0-3 mánuði	11,3%	8,7%	11,8%	7,3%	8,2%	3,9%	5,1%	10,1%	8,9%	4,9%	5,4%	8
4-6 mánuði	4,7%	6,8%	3,7%	2,9%	8,7%	5,6%	2,9%	2,7%	3,4%	5,6%	2,7%	4
7-11 mánuði	7,6%	5,3%	4,1%	3,4%	3,7%	7,9%	3,7%	4,7%	2,7%	4,9%	1,3%	2
Eitt ár	6,1%	5,8%	6,5%	6,8%	5,0%	5,6%	8,8%	12,8%	12,3%	13,3%	8,1%	12
Tvö ár	8,5%	10,2%	12,2%	13,2%	15,0%	8,4%	16,2%	18,1%	16,4%	15,4%	10,7%	16
Þrjú ár	8,7%	7,8%	9,4%	11,2%	15,1%	15,2%	10,3%	12,8%	10,3%	14,0%	16,1%	24
Fjögur ár	9,9%	10,2%	11,4%	9,3%	9,6%	7,3%	10,3%	11,4%	11,6%	10,5%	8,1%	12
Fimm ár	7,0%	6,3%	5,3%	8,8%	9,5%	10,7%	11,0%	6,7%	10,3%	4,2%	7,4%	11
Sex ár	5,0%	4,9%	4,1%	4,9%	1,8%	5,1%	5,9%	4,7%	4,1%	3,5%	4,7%	7
Sjö ár	3,2%	3,9%	5,3%	1,5%	0,9%	2,8%	1,5%	1,3%	0,7%	0,7%	1,3%	2
Átta ár	5,0%	2,4%	5,7%	4,9%	1,4%	2,8%	1,5%	2,0%	2,1%	0,0%	0,7%	1
Níu ár	3,5%	1,9%	1,2%	1,5%	0,5%	1,1%	1,5%	2,0%	0,0%	0,0%	0,7%	1
Tíu ár	0,8%	1,5%	3,3%	2,4%	3,7%	1,1%	1,5%	2,0%	2,1%	1,4%	2,7%	4
Lengur en tíu ár	4,4%	2,9%	2,9%	2,4%	0,5%	3,9%	0,0%	0,0%	2,7%	1,4%	2,0%	3
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	6,2%	6,6%	6,0%	4,1%	7,0%	10,1%	15
Hlutfall	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	
Fjöldi	343	206	245	205	219	178	136	149	146	143		149



Tölurnar um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist konum oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Súluritíð lýsir samanburði á milli ára. Algengast er að sífjaspellin standi í 1-5 ár.

**Tafla 14) Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað?**


	Fjöldi	Hlutf.
Á sameiginlegu heimili	70	22,5%
Á heimili þolanda	49	15,8%
Á heimili ofbeldismanns	110	35,4%
Á vinnustað þolanda	3	1,0%
Á vinnustað ofbeldismanns	12	3,9%
Á víðavangi/leikvelli	18	5,8%
Í sumardvöl	6	1,9%
Á útihátíð	8	2,6%
Á skemmtistað	10	3,2%
Annars staðar	22	7,1%
Óvíst	3	1,0%
	<b>311</b>	<b>100%</b>

Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður og ofbeldismanns; á heimili hennar eða heimili ofbeldismanns, samtals í um 73.7 % tilfella. Í töflunni sem merkt er “annars staðar” eru um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Fjöldi nauðgana á útihátíðum jókst úr 9 árið 2000 í 14 árið 2001 og sem betur fer hefur talan lækkað aftur, þótt allar okkar tölur um ofbeldi séu of háar.

**Tafla 15a) Sagði þolandi frá ofbeldinu**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	69	27,1%
Nei	180	70,6%
Ekki vitað	6	2,4%
	<b>255</b>	<b>100%</b>


	Fjöldi	Hlutf.
Móður	56	39,4%
Faðir	8	5,6%
Maka	7	4,9%
Systkini	5	3,5%
Börnunum sínum	4	2,8%
Öðrum í fjölskyldunni	4	2,8%
Vini/vinkonu	35	24,6%
Fagaðila	14	9,9%
Öðrum utan fjölskyldu	9	6,3%
	<b>142</b>	<b>100%</b>



Tafla 15a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 2002 eru það rúmlega 25%, sem það hefur gert. Taflan sýnir einnig hverjum viðkomandi sagði þá frá, en algengast var að móðir eða vinkonu/vinur nytu trúnaðar. Súluritið sýnir samanburð milli ára.


### Tafla 15b) Var viðkomandi trúað?

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki trúað	9	12,5%
Trúað	63	87,5%
Óvíst	2	2,8%
	<b>72</b>	<b>100%</b>



Tafla 15b sýnir að af þeim sem sögðu frá ofbeldinu var 63 eða tæpum 90 % þeirra trúað.

### Tafla 16) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis




Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í töflunni og súluritinu er getið um "svipmyndir", um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum í huganum og valda miklu hugarangri. Sektarkennd, skömm, léleg sjálfsmýnd, depurð og erfiðleikar í nánum tengslum og í kynlífi eru



algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðnum sjálfsskóðun flokkast til dæmis átröskun, en einnig er þekkt að konur skeri sig t.d. á handleggjum.

**Tafla 17 a) Sjálfsvígstilraunir þolenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	31	12,2%
Nei	217	85,1%
Ekki vitað	7	2,7%
	<b>255</b>	<b>100%</b>



Því miður höfum við stundum spurnir af fólki sem leitað hefur hjálpar hjá bæði Stígamótum og ýmsum fagaðilum, en sem afber ekki slæma líðan og sviptir sig lífi.


**Tafla 17 b) Samanburður milli ára**

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Já	16,0%	14,2%	16,5%	19,1%	14,5%	13,0%	15,2%	14,6%	15,9%	13,8%	12,2%
Nei	84,0%	85,8%	83,5%	80,9%	85,5%	87,0%	84,8%	82,4%	82,7%	81,8%	85,1%
<b>Fjöldi</b>	<b>456</b>	<b>309</b>	<b>346</b>	<b>283</b>	<b>256</b>	<b>215</b>	<b>178</b>	<b>213</b>	<b>214</b>	<b>225</b>	<b>255</b>

Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2002, höfðu 31 eða 12.2 % gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. Í töflu 17b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman eftir árum.


**Tafla 17 c) Sjálfsvígshugsanir þolenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	153	60,0%
Nei	75	29,4%
Ekki vitað	27	10,6%
	<b>255</b>	<b>100%</b>




Um 60 % þeirra sem til Stígamóta leituðu, lýstu sjálfsmorðshugleiðingum. Það er til marks um alvarleika afleiðinga kynferðisofbeldis að þeir sem fyrir því verða, kjósi jafnvel dauðann fram yfir líðan sína.

**Tafla 18) Hvar hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta?**



Hér er samtalan meira en 100% því sumir hafa víða leitað aðstoðar.

**Tafla 19 a) Tengsl við ofbeldismenn**



Í töflu 19a kemur fram að 336 ofbeldismenn höfðu beitt ofbeldi þá 255 einstaklinga sem leituðu til Stígamótu árið 2002. Þess ber að geta þó það komi betur fram síðar að af 336 ofbeldismönnum voru 16 konur. Súluritið sýnir tengsl einstaklinga við ofbeldismenn. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 15.5 % ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2002 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

**Tafla 19 b) Samanburður milli ára frá árinu 1992**

Nauðgun	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	
Faðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1	0,7%
Móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Stjúpfaðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1	0,7%
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Afi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Bróðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1	0,7%
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Frændi/frænka	4,0%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	1,2%	2,2%	2	1,3%
Vinur/kunningi	51,1%	41,7%	46,8%	52,2%	72,2%	47,4%	47,6%	66,2%	60,7%	54,4%	80	53,3%
Maki	15,1%	17,7%	17,1%	16,2%	10,5%	17,5%	12,7%	9,5%	11,9%	13,3%	16	10,7%
Umsjáraðili utan fjölskyldu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Ókunnugur	29,9%	40,6%	36,1%	23,4%	15,0%	21,6%	27,0%	23,0%	20,2%	23,3%	41	27,3%
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1,5%	4,1%	4,8%	1,4%	2,4%	0,0%	1	0,7%
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	1,3%	0,8%	1,0%	4,8%	0,0%	0,0%	2,2%	2	1,3%
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,2%	2	1,3%
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,2%	1,1%	2	1,3%
Annað	0,0%	0,0%	0,0%	3,9%	0,0%	6,2%	3,2%	0,0%	2,4%	1,1%	1	0,7%
<b>Fjöldi</b>	<b>278</b>	<b>192</b>	<b>158</b>	<b>154</b>	<b>133</b>	<b>97</b>	<b>63</b>	<b>74</b>	<b>84</b>	<b>90</b>	<b>150</b>	

Sifjaspell	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	
Faðir	18,2%	11,3%	11,5%	15,2%	8,7%	18,5%	19,4%	14,1%	13,0%	13,4%	30	18,4%
Móðir	0,2%	0,0%	0,5%	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%	1,3%	0,7%	0,7%	1	0,6%
Stjúpfaðir	9,5%	6,9%	8,8%	7,2%	6,8%	9,6%	6,5%	3,8%	7,5%	9,4%	8	4,9%
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,9%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Afi	8,5%	8,2%	7,7%	8,4%	7,3%	9,6%	9,4%	8,3%	13,7%	8,1%	18	11,0%
Amma	0,2%	0,0%	0,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Bróðir	10,6%	14,8%	9,6%	13,9%	14,6%	11,2%	12,9%	15,4%	11,0%	12,8%	10	6,1%
Systir	0,2%	0,7%	0,5%	0,4%	0,0%	1,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Frændi/frænka	26,4%	29,3%	24,5%	22,8%	19,2%	14,0%	25,9%	16,0%	12,3%	22,8%	34	20,9%
Vinur/kunningi	26,2%	28,5%	36,5%	14,3%	16,9%	3,9%	10,8%	11,5%	7,5%	5,4%	19	11,7%
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Umsjáraðili utan fjölskyldu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	7,7%	8,9%	4,7%	13	8,0%
Ókunnugur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,9%	2,1%	2,0%	0	0,0%
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	0,0%	0,0%	6,3%	5,5%	5,6%	5,8%	8,3%	8,2%	9,4%	5	3,1%
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	8,9%	17,4%	16,9%	6,5%	10,9%	13,7%	10,1%	21	12,9%
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Annað	0,0%	0,0%	0,0%	1,7%	2,7%	6,7%	2,2%	0,6%	1,4%	1,3%	4	2,5%
<b>Fjöldi</b>	<b>473</b>	<b>231</b>	<b>364</b>	<b>237</b>	<b>219</b>	<b>178</b>	<b>139</b>	<b>156</b>	<b>146</b>	<b>149</b>	<b>163</b>	


Í töflu 19b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir tegund ofbeldis og árum. Taflan um nauðganir sýnir að nauðganir eiginmanna/sambýlismanna eru ekki óalgengar, en 10.7% þolenda hafa búið við slíkt ofbeldi. Fjöldi þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2002 vegna nauðgana jókst frá fyrra ári um rúm 9%.

## Kærð mál

Tafla 20) Kært til barnaverndarnefndar og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	15	5,9%
Nei	237	92,9%
Ekki vitað	3	1,2%
	<b>255</b>	<b>100%</b>


	Fjöldi	Hlutf.
Foreldrar	9	60,0%
Fagaðili	5	33,3%
Annar	1	6,7%
	<b>15</b>	<b>100%</b>



Tafla 21) Kært til lögreglu og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	28	8,3%
Nei	307	91,4%
Ekki vitað	1	0,3%
	<b>336</b>	<b>100%</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	18	64,3%
Foreldrar	4	14,3%
Móðir	3	10,7%
Aðrir	3	10,7%
	<b>28</b>	<b>100%</b>



Tölur 20 og 21 sýna hve mörg þeirra kynferðisofbeldismála sem Stígamót fengust við árið 2002 voru kærð til barnaverndarnefnda og/eða lögreglu. Í ljós kemur að tæp 6 % málanna voru kærð til barnaverndarnefnda og 8,3 % til lögreglu.

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust, komust færri en 15 % til opinberra aðila og er það umhugsunarefni. Ástæðurnar eru margar, m.a. þær að mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum, en einnig þær að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái rétti sínum hjá réttarkerfinu.

Af töflum 22-24 hér á eftir má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómskerfinu. Ekki skal því haldið fram að þessar tölur gefi hárrétta mynd af því hvernig málum reiðir af í réttarkerfinu en þær eru þó væntanlega vísbending um það. Þegar ársskýrslan var unnin voru sum málanna enn í vinnslu og mögulegt er að einhver mál hafi verið kærð eftir að afskiptum Stígamóta lauk.

**Tafla 22) Var ofbeldismaður ákærður?**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	7	25,0%
Málið er vinnslu	16	57,1%
Málið fellt niður	5	17,9%
	<b>28</b>	<b>100%</b>


**Tafla 23) Hvernig var dæmt í málinu í héraði ?**

	Fjöldi	Hlutf.
Dæmdur í fangelsi	6	85,7%
Dæmdur í skilorðsbundið fangelsi	1	14,3%
	<b>7</b>	<b>100%</b>

**Tafla 24) Hvernig var dæmt í málinu í hæstarétti?**

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki vísað til hæstaréttar	3	42,9%
Sami dómur	4	57,1%
	<b>7</b>	<b>100%</b>


**Tafla 25) Afdrif þeirra mála sem Stígamótum bárust árið 2002**



## Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Tafla 26) Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra

	Fjöldi	Hlutf.
Karl	320	95,2%
Kona	16	4,8%
	<b>336</b>	<b>100%</b>



Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur, börn og aðra karla ofbeldi. Í töflunni og súluritinu hér að ofan kemur í ljós að árið 2002 eru karlar 95.2 % þeirra sem að beitt hafa því kynferðisofbeldi sem hér um ræðir. Það er þó umhugsunarvert að ofbeldiskonur eru fleiri en sést hafa í mörg ár hjá Stígamótum. Hluti af skýringunni gæti verið að betur hafi tekist að koma því til skila að karlar séu velkomnir til Stígamóta, en konur hafa líka beitt stúlkur kynferðisofbeldi, svo fleira hlýtur að koma til. Enn má þó búast við að kynferðisofbeldi kvenna sé faldara en ofbeldi karla.

## Félagsleg staða ofbeldismanna

Tafla 27) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	
1-10 ára	2,9%	0,4%	0,6%	0,5%	0,3%	0,3%	0,9%	0,4%	0,0%	0,0%	1	0,3%
11-15 ára	7,9%	14,3%	15,3%	16,0%	17,2%	12,6%	14,4%	8,1%	6,8%	6,6%	20	6,0%
16 -18 ára	14,6%	11,0%	12,3%	9,3%	13,9%	8,2%	11,6%	10,9%	8,0%	10,2%	37	11,0%
19 -29 ára	20,9%	20,7%	18,8%	24,3%	19,9%	19,1%	16,7%	25,4%	33,8%	34,8%	116	34,5%
30 -39 ára	21,9%	23,4%	20,5%	23,1%	23,0%	19,5%	23,1%	16,5%	26,6%	28,9%	91	27,1%
40 -49 ára	11,6%	11,4%	10,5%	8,4%	8,2%	12,3%	12,0%	14,1%	11,8%	10,9%	37	11,0%
50 -59 ára	5,0%	5,6%	5,7%	5,2%	6,3%	5,1%	5,6%	5,6%	6,8%	2,7%	20	6,0%
60 ára og eldri	3,2%	5,0%	8,4%	7,1%	6,6%	5,8%	1,9%	3,2%	5,1%	2,7%	8	2,4%
Óvíst	12,1%	8,3%	7,9%	6,1%	4,6%	17,1%	13,9%	15,7%	1,3%	3,1%	6	1,8%
<b>Fjöldi</b>	<b>786</b>	<b>483</b>	<b>525</b>	<b>407</b>	<b>366</b>	<b>283</b>	<b>216</b>	<b>248</b>	<b>237</b>	<b>256</b>	<b>336</b>	


Tafla 27 sýnir að það er næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Þolendur ofbeldisins upplifa það sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

**Tafla 28) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið**

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	
Er í skyldunámi	4,2%	14,7%	4,4%	10,6%	12,6%	4,4%	5,1%	9,3%	7,2%	7,0%	21	6,3%
Er í framhaldsskóla	1,1%	6,6%	4,0%	7,4%	8,5%	4,1%	8,8%	10,9%	12,7%	11,7%	44	13,1%
Er í háskóla	0,8%	0,8%	0,4%	1,2%	1,6%	2,0%	2,3%	1,2%	2,5%	1,6%	6	1,8%
Lokið skyldunámi	22,8%	54,5%	55,4%	56,8%	54,9%	57,0%	57,4%	38,7%	33,3%	25,0%	82	24,4%
Lokið framhaldsskóla	3,8%	8,7%	11,3%	8,1%	5,5%	8,5%	10,2%	13,3%	17,3%	22,7%	67	19,9%
Lokið háskóla	2,9%	4,3%	3,1%	3,9%	4,6%	4,8%	7,4%	2,8%	4,2%	4,7%	23	6,8%
Lokið öðru sérnámi	7,1%	6,8%	5,9%	6,4%	5,7%	6,5%	2,3%	4,0%	3,0%	7,0%	15	4,5%
Lauk ekki skyldunámi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%	0,0%	0	0,0%
Óvíst	57,3%	35,0%	15,5%	5,7%	6,6%	12,6%	6,5%	19,8%	19,0%	20,3%	78	23,2%
<b>Fjöldi</b>	<b>786</b>	<b>483</b>	<b>522</b>	<b>407</b>	<b>366</b>	<b>293</b>	<b>216</b>	<b>248</b>	<b>237</b>	<b>256</b>	<b>336</b>	

Tafla 28 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita þöndur kynferðisofbeldi, þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

**Tafla 29) Atvinna ofbeldismanna**



Tafla 29 sýnir atvinnu ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir séu á öllum aldri, hafi mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir komi úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

**Tafla 30) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið**

	<b>Fjöldi</b>	<b>hlutf.</b>
Einhleypur	98	29,2%
Í sambúð	20	6,0%
Giftur	92	27,4%
Innan 18 ára	58	17,3%
Er að skilja	0	0,0%
Fráskilinn	4	1,2%
Ekill	4	1,2%
Óvíst	60	17,9%
	<b>336</b>	<b>100%</b>

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið er framið. Um 33.4 % þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

**Tafla 31) Börn ofbeldismanna í dag**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	132	39,3%
Nei	64	19,0%
Ekki vitað	140	41,7%
	<b>336</b>	<b>100%</b>

Af töflu 31 má sjá að 132 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta eiga börn eða tæp 40%.